

Eystrahorn

43. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 29. nóvember 2018

www.eystrahorn.is

Vel heppnuð námsferð Lista- og menningar sviðs FAS



Lista- og menningarsvið FAS fór í námsferð til Akureyrar dagana 14. til 16. nóvember. 20 nemendur úr myndlista-, ljósmynda-, kvikmynda- og leiklistaráföngum fóru í ferðina með þremur kennurum. Gist var á gistiheimilinu Akureyri Backpackers sem er í miðbæ Akureyrar.

Lagt var af stað frá FAS kl. 8:00 miðvikudags morguninn 14. nóv. og komið til Akureyrar um kl. 15:00. Fyrsta heimsóknin var síðan í Listasafn Akureyrar kl.16:00. Eftir kvöldmat var síðan farið í fallegu kvöldveðri í gönguferð um innbæinn þar sem nemunum voru sagðar sögulegar staðreyndir um

uppbyggingu eyrarinnar, sögur af fólki og einstökum húsum.

Fimmtudagsmorguninn var þétt planaður og hófst með heimsókn í Verkmenntaskóla Akureyrar, Menningarhúsið HOF, Tónlistarskólann, Samkomuhúsið þar sem LA hefur nú aftur starfsemi sína, við heimsóttum listamannakompaníið Kaktus og deginum lauk síðan á sýningunni Lína langsockur hjá Freyvangsleikhúsinu.

Föstudagurinn, dagur íslenskrar tungu, byrjaði með heimsókn í kvikmyndaver sjónvarpsstöðvarinnar N4. Þar fengu nemendur að kynnast hvernig bein útsending fer



fram með því að sjá og taka þátt í „plat“ útsendingu. Síðan lá leiðin í Minjasafn Akureyrar þar var verið að opna hina árlegu jólasýningu safnsins en jafnframt fékk hópurinn að skoða æskuheimili Nonna, Jóns Sveinssonar og gaman að geta þess að 16. nóvember er fæðingadagur hans. Eftir þessa heimsókn héldum við síðan heim á leið með stoppi við Goðafoss og matarpásu á Egilsstöðum.

Þessi ferð er fyrst og fremst hugsuð til að kynna nemendum hvað sé að gerast í öðrum bæjarfélögum en jafnframt til að kunna að meta og skilja hversu margir möguleikar



finnast í heimabyggð.

Móttó ferðarinnar var samvinna, traust og virðing, hvert fyrir öðru og ekki síður fyrir því fólki sem tekur á móti okkur opnum örmum og kynnrir fyrir hópnum starfsemi sína og hugmyndir.

Það er skemmtilegt að geta þess að allsstaðar fékk hópurinn einstaklega góð meðmæli og þakkar fyrir hversu gaman hefði verið að taka á móti þeim.

*Stefán Sturla
Umsjónarmaður Lista og
menningarsviðs FAS*

Góður árangur á haustmóti



Fimleikadeild Sindra sendi frá sér 4 lið á haustmót í hópfimleikum. Mótið var haldið á tveimur helgum. 10.-11. nóvember. Mótið var haldið hjá Gerplu í Kópavogi. 4.flokkur blandaðra liða byrjaði að keppa á laugardegnum. Liðið gerði mjög vel og endaði í 1.sæti. Á sunnudeginum keppti lið 3.flokks, 21 lið kepptu í flokknum. Stelpurnar stóðu sig mjög vel. Voru með glænýjar gólfæfingar sem þær voru einungis búnar að æfa í einn og hálfan mánuð. Stelpurnar lentu í 13. sæti og enduðu í 7. sæti á dýnustökki.

Síðan var ferðinni heitið á Akranes, 17. nóvember. Kke, strákahópur eldri enduðu í 3 sæti samanlagt en gerðu sér lítið fyrir og enduðu í 1. sæti á dýnustökki. 1.fl b endaði í 3. sæti og stóðu sig frábærlega.

Nú tekur við undirbúningur hjá þjálfurum og iðkendum fyrir sýningu sem haldin verður í janúar.

*Einar Smári Þorsteinsson
yfirþjálfari og stjórn fimleikadeildar Sindra*

Stórtónleikar í Eskifjarðarkirkju



Vetrarstarfið hjá Karlakórnum Jökli er komið á fulla ferð og hittumst við félagarnir og æfum tvisvar í viku. Framundan eru skemmtileg og metnaðarfull verkefni.

Á Fullveldisdaginn 1. desember bregðum við undir okkur betri fætinum og förum austur á Eskifjörð og syngjum með nýstofnaðri Sinfóníuhljómsveit Austurlands. Tónleikarnir hefjast kl. 15:00.

Laugardaginn, 8. desember ætlum við að slá upp dansleik í Sindrabæ þar sem hljómsveit kórsins leikur fyrir dansi og karlakórinn syngur. Glunið byrjar kl. 22:00 og saman dónsum við og syngjum fram á nótt.

Sunnudaginn 16. desember verða síðan árlegir jóla- og hátíðartónleikar í Hafnarkirkju. Þar koma margir helstu listahópar á Hornafirði saman, leggja okkur lið og koma með fjölbreytt tónlistaratriði. Öll innkoma rennur óskipt til góðra verkefna hér í heimabyggð.

23. desember mætum við að vanda í Miðbæ kl 20.00 og syngjum jólalög fyrir gesti og gangandi. 26. desember verðum við með jólastund á Skjólgarði fyrir heimilisfólki þar.

Það er ákaflega gefandi og skemmtilegt að starfa í kór og sérstaklega Karlakórnum Jökli þar sem fer saman vinátta, gleði, ánægja og fagmennska.

*Kveðja
Gauti Árnason,
formaður Karlakórsins Jökuls*



HAFNARKIRKJA

Hafnarkirkja

Sorg og missir

Fræðslusamvera

Fimmtudagskvöldið 29.

nóvember kl. 20:00 heimsækir

sr. Vigfús Bjarni Albertsson

Hafnarkirkju og á með okkur

kvöldstund þar sem hann ræðir

sorg og missi nú í aðdraganda

aðventunnar.

Aðgangur ókeypis

Sjá nánar á www.bjarnanesprestakall.is
eða á Facebook.



Guðni Arinbjarnar, bæklunarskurðlæknir
verður með móttöku á heilsugæslustöðinni á
Höfn **10.-11. desember n.k**

Tímappantanir í síma 470-8600 alla virka daga
milli kl. 8-16.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Sefur þú vel?

Til að sofa vel þarf rúmið að vera gott.

Hjá okkur færð þú úrval af rúmum og dýnum í
öllum stærðum og gerðum.

Erum með mikið úrval af fallegum og
nytsamlegum gjöfum í jólapakkann

Opið á laugardögum fram að jólum frá kl. *Húsgagna*

13:00-15:00

Verið velkomin

Símar: 478-2535 / 898-3664

Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00

Laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Samfélagssjóður Hornafjarðar

Auglýsir umsóknarfrest vegna jólaaðstoðar.

Umsóknarfrestur til sjóðsins er til 7. desember nk.

Hægt er að fá umsóknareyðublöð á bæjarskrifstofunni og

þangað er útfylltum umsóknum skilað.

Stjórn Samfélagssjóðs Hornafjarðar.

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang:tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot:Tjörvi Óskarsson

Prentun:Litlaprent

ISSN 1670-4126

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



FÉLAGSSTARF

FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

SAMVERUSTUND FÖSTUDAGINN 30. nóv.
kl. 17:00. - Lífið í sveitinni.

Sveinn Rúnar Ragnarsson bóndi í Akurnesi er
gestur Stundarinnar. Syngjum lög úr sveitinni.
Umsjón: Sigurður Hannesson.

Þökkum öllum sem komu á félagsvistina



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur vegna tillögu að deiliskipulagi

Dalbraut 2 verður haldinn mánudaginn

3. desember 2018 kl. 12:00. Fundurinn verður

haldinn í Ráðhúsi sveitarfélagsins að Hafnarbraut

27, 780 Höfn.

Gunnlaugur Róbertsson,
skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / Sí. 4708000 / www.hornafjordur.is

Lax, bleikja, þorskur,ýsa,
kinnar, rúgbrauð, hamsatólg og
margt fleira. Skatan að verða
tilbúin. Allt úr héraði nema lax
og bleikja.

Veist þú hvaðan maturinn
þinn kemur ?

Verið velkomin

Opið 14:00 til 18:00, mánudaga

til fimmtudaga.

s: 8653302 og 4781169.



Morgunkaffi

Framsóknarfélag Austur-

Skaftafellssýslu býður í morgunkaffi og

létt spjall laugardaginn 1. desember

frá kl. 11:00-12:00.

Allir velkomnir. Kjörnir fulltrúar verða á staðnum.



Jólatónleikar Kvennakórs Hornafjarðar

Í Nýheimum miðvikudaginn 5. desember

kl. 20:00

Hið margrómaða kökuhlaðborð verður á sínum stað!

Aðgangseyrir er 3.000 kr.
1.500 kr fyrir börn (6-12 ára)

Fléttubönd

Í fyrra kom út bókin Fuglaskoðarinn eftir Stefán Sturlu, Fuglaskoðarinn er fyrsta bókin í þrileik um lögreglukonuna Lísu og samstarfsfólk hennar. Sú bók fékk góðar viðtökur í fyrra. Nýlega er komin út önnur bók í þrileikum, sú heitir Fléttubönd. Fimmtudaginn 29. nóvember mun Stefán Sturla segja frá bókinni og lesa kafla úr henni í bókasafninu. Jafnframt mun hann árita og selja bókina. Af því tilefni datt okkur í hug að fá hann til að segja okkur frá tilurð nýjustu bókarinnar.



Hvað geturðu sagt mér um Fléttubönd?

Í fyrra kom út fyrsta bókin í þrileikum um rannsóknarlögreglu teymið Lísu, Tomma og Sigrúnu, sú bók heitir Fuglaskoðarinn. Ég var búinn að ganga lengi með hugmynd um að skrifa glæpasögu. Takast á við þetta bókmenntaform. Ég hef skrifað barnbækur, leikrit og jafnvel kvikmynda- og sjónvarpshandrit sem hafa ekki alltaf farið í framleiðslu, eins og gengur. En þar þróast oft persónur sem maður vill vinna meira með. Í kvikmyndahandriti sem ekki hefur farið í framleiðslu, var ég búinn að skrifa söguvið sem ég nota fyrir Kára, lögreglumannsins sem lendir í mjög alvarlegu bílslysi með Lísu. Bílslysið og afleiðingar þess er einskonar hliðarsaga, þótt það sé að hluta til gangverkið í þrileikum. Persónurnar hafa því verið að þróast í hinum ýmsu verkum hjá mér í gegnum árin. Þannig get ég sagt að aðdragandinn, þróunin að þessum þrileik fer að nálgast 10 ár. Þegar ég loks settist niður og byrjaði að skrifa fyrstu glæpasöguna þekkti ég því þessar persónurnar, bakgrunn þeirra og sögu. Þrátt fyrir það má finna í öllum persónum sem maður skapar einhverja eiginleika höfundar, eitthvað sem maður þekkir sjálfur, eitthvað sem fólk telur sig þekkja í höfundinum eða kannast við í fari einhvers en þannig erum við öll. Þótt við séum ólík þá eigum við alltaf einhvern samnefnara með öðrum, sama hvar á heimskringlunni við búum.



Ég nota mjög meðvitað það stílbragð að leyfa sögunni sjálfri og persónum að segja mér hvað sé að gerast eða hvaða orðaforða þær nota. Þannig að ég hlusta mjög mikið, stundum kemur mér reyndar á óvart hvað hafi verið skrifað. Til dæmis kemur fram ákveðið bílnúmer í Fléttuböndum það var fullkomlega óundirbúið hvert það varð endanlega, meðan ég skrifaði bókina, enda átti númerið sjálf ekki að skipta máli, heldur eigandi þess. Svo þegar kom að kaflanum þar sem númerið kom endanlega fram og höfundurinn búinn að stimpla það inn í skjalið langaði mig að vita hvort það væri skráð hjá Umferðarstofu. Svo var ekki en þegar ég googlaði númerið kom niðurstað verulega á óvart.

Hvernig færðu hugmyndir að söguviði bókarinnar?

Með því að skoða gömul glæpamál, upplýst og óupplýst, innlend og erlend hafa kviknað hugmyndir. Síðan hlustar maður á samræður fólks, leitar í eigin ranni og hnoðar deigið fram og til baka. Skemmtilegar frásagnir, samræður í heitapottinum eða atburðarás sem maður lendir í kveikir hugmynd eða hugmyndir sem síðan lenda í deiginu í nýrri útfærslu á blaðsiðum bókanna. Svo að sjálfsgöðu tekur maður eitthvað frá sjálfum sér, úr sínum eigin reynslubanka. Það er jú grunnurinn sem maður á alltaf aðgang að. Stundum hef ég nú reyndar haldið að það stíji einhver annar en ég og stjórnin hvernig sögurnar eða samtölin þróast, eða þannig ... En

Var vinnan við þessa bók eitthvað frábrugðin þeirri fyrstu?

Já mjög mikið. Ég var búinn að skrifa og þróa samskipti og samskiptamáta persónanna í fyrstu bókinni Fuglaskoðaranum. Þess vegna þurfti ég ekki að velta mér svo mikið upp úr þeim hluta skrifanna. Hins vegar er fléttan sjálf flóknari ... eða öllu heldur hugmyndin, hvernig sögurnar tvinnast saman. Það var gaman að takast á við það. En einstaka kaflar, samtöl og þess háttar þróuðust meðan ég sat við tölvuna. Ég held líka að ákveðnar samfélagslegar skoðanir þess sem skrifaði komi ögn meira fram í Fléttuböndum. Höfundur hafi kannski verið persónulegri. Svo var ég náttúrulega búinn að fá ákveðna þjálfun við að eiga við formið, það er glæpasöguna.

Mér er spurn

Síðast liðinn laugardag var haldið upp á 50 ára afmæli þjóðgarðs í Skaftafelli með kaffisamsæti og dagskrá þar sem margt var dregið fram í dagsljósið til upprifunar, fróðleiks og skemmtunar.



Margt hefur breyst síðan þjóðgarðurinn í Skaftafelli var formlega stofnaður fyrir 50 árum og þarf ekki að fjölyrða um það hve umferð í Skaftafelli hefur margfaldast svo sem á öðrum vinsælum ferðamannstöðum. Þar kom að fleiri friðlýst svæði voru sameinuð í Vatnajökulsþjóðgarð sem var stofnaður 2008 og upphaflegi þjóðgarðurinn í Skaftafelli er nú hluti af honum. Vatnajökulsþjóðgarður er því byggður m.a. á góðum grunni þjóðgarðsins í Skaftafelli sem þykir einstök náttúruperla.

Nú gerðist það í vor að staða þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli var laus til umsóknar. Nokkur eftirvænting ríkti um það hér í sveitinni hver myndi taka við í Skaftafelli og hafa þar búsetu, jafnvel með fjölskyldu. Mér og fleirum hnykkti því nokkuð við þegar tilkynnt var um ráðningu í embættið. Yfirmaður á öðrum stað í Vatnajökulsþjóðgarði, sem sagt á Höfn, fékk stöðuna, og virtust þessar tvær stöður þarna vera sameinaðar. En það fylgdi sögunni að það væri í undirbúningi að annar yfirmaður yrði ráðinn í Skaftafell því að það veitti ekki af tveimur til að halda utan um rekstur þessa stóra svæðis, rétt eins og verið hefur undanfarið, einn í Skaftafelli og annar á Höfn, enda eru vegalengdir miklar á milli staða.

Var nú búist við fréttum af þessari stöðu í Skaftafelli þegar leið á árið en ekkert hefur enn heyrst um það. Nýráðinn þjóðgarðsvörður gerir eflaust sitt besta til að sinna báðum stöðum eins og er, hefur búsetu á Höfn en kemur í vinnulotur í Skaftafell. Það er alls ekki hallað á þann yfirmann sem persónu né aðra heils árs starfsmenn í Skaftafelli sem hafa starfað þar um árabíl en óneitanlega er það skerðing þegar tvær stöður yfirmanna renna saman í eina. Er hægt að ætla einum að axla öll þau störf án þess að það komi niður á uppbyggingu og framþróun á báðum stöðum? Það eru ca 130 km á milli Skaftafells og Hafnar. Á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs eru skráðir þjóðgarðsverðir á öllum stærri stöðunum nema í Skaftafelli og skýtur það nokkuð skökku við þar sem þetta svæði er langfjölsóttast innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Árið er ekki alveg á enda runnið og ég leyfi mér að vona að það sem sagt var í sumar um að staðan í Skaftafelli verði mönnuð reynist rétt. Hefði t.d. verið gullið tækifæri að tilkynna það í afmælisþófinu. En mér er spurn, var þetta nokkuð fyrirláttur til að friða heimafólk sem vonaðist eftir nýjum sveitungum? Hvert heimili skiptir máli í fámennu byggðarlagi og allra hluta vegna ætti að styrkja starfseminu í Skaftafelli en ekki ófugt. Væru það ekki nokkuð kaldar kveðjur á þessum tímamótum ef það ætti að leggja niður aðsetur þjóðgarðsvarðar þar? Vonandi gerist það ekki. Gefum okkur að það komi skýringar á stöðu mála og að Skaftafelli verði sýndur sómi í framtíðinni.

Pálína Þorsteinsdóttir Svinafelli Örafum

**Svinafelli
HORNAFJÖRÐUR**

Jóla og fullveldishátíð
Laugardaginn 1. desember
í Nýheimum

Eftt verður til jóla og fullveldishátíðar
Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
Hátíðin fer fram í Nýheimum og hefst
hátíðardagskráin kl 14:00 og stendur til 17:00.

Opnun á listasýningunni Kynjamyndir - Sigurður Einarsson.
Verkefni FAS-nema sýnd.
Jólaöld í bókasafninu, jóla- og fánaföndur.
Kaffihús, bíó, söngur og jólagleði.
Heyrst hefur að jólsveinarnir verði á ferðinni.
Hátíðinni lýkur með tendrun jólaljósa á bæjarjólarenu.

Frekari upplýsingar gefu
Eyrún Helga Ávarsdóttir
Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar
Sími: 4708052 / 8966774
eyrunh@hornafjordur.is

Litlabru 2 760 Höfn Sími 470-8850



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Starfsmann vantar í félagsmiðstöð frá janúar 2019

Fristundaleiðbeinandi óskast í 30% stöðu í Þrykkjunni.

- Kemur að skipulagningu tómstundastarfs og starfar með börnum og ungmennum á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar.
- Vinnur að forvörnum á breiðum grunni.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ákveðinni festu, hafa góða skipulags- og stjórnunar hæfileika, vera liprir í mannlegum samskiptum og hafa hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til 12. desember n.k.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist til Ragnhildar Jónsdóttur fræðslustjóra í netfangið;

Ragnhildur@hornafjordur.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar, s: 470 8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir

leikskólakennurum eða leiðbeinendum til starfa Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara eða leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.

Æskilegt er að viðkomandi hafi:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærilega uppeldismenntun.
- Reynslu af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum
- Lipurð og sveigjanleika í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegan metnað
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góða íslenskukunnáttu

Leikskólinn Sjónarhóll er sex deilda leikskóli sem staðsettur er á Höfn í Hornafirði. Skemmtileg vinna í boði fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa gaman af að vinna með börnum.

Laun eru greidd samkvæmt samningum launaneftdar Sveitarfélaga við viðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember næstkomandi
Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólastjóra á netfangið mariannaj@hornafjordur.is.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

SVEITABÚÐIN Í NESJUM

Laugardag og sunnudag 1.-2.des. nk. verða
markaðsdagar í Litlu Sveitabúðinni Nesjum.

Á boðstólum verður bæði matur og ýmislegt handverk. Meðal annars, svínakjöt og lambakjöt frá Miðskeri, nýbakaðar smákökur frá Hel, geitakjöt frá Háhóli og margt fleira. Sjón er sögu ríkari.

Opið verður frá kl.13:00-17:00 og verður jólastemningin alls ráðandi, heitt á könnunni.

Athugið að ekki taka allir söluaðilar kort



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Styrkumsóknir fyrir árið 2019

Þau félög og félagasamtök sem vilja senda inn erindi eða styrkumsókn í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 þurfa að skila umsóknum fyrir 7. desember.

Styrkumsókn þarf að fylgja greinargerð eða ársreikningar/ uppgjör fyrir síðasta fjárhagsár, og upplýsingar um fyrirhugaða nýtingu styrks og starfsemi styrkumsækjanda á liðnu ári, annars verður umsókninni hafnað.

Styrkumsóknir eru aðgengilegar á íbúagátt sveitarfélagsins <http://ibuagatt.hornafjordur.is>, þar er hægt að fylla út eyðublöð og hala inn viðhengjum með umsókn, einnig er hægt að senda umsókn til afgreiðslu sveitarfélagsins á afgreidsla@hornafjordur.is.

*Matthildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri*

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Jólabasar í Ekru.

Hinn árlegi jólabasar dagdvalar í Ekru verður haldinn
miðvikudaginn 5. desember
n.k frá kl. 13:00-15:30

Kaffi og vöflur seldar á staðnum. Sjón er sögu ríkar. Allir hjartanlega velkomnir.



Atvinna

Starfsmenn óskast í tímabundið starf í lifrarverksmiðjunni Ajtel Iceland fram að jólum og hugsanlega í framhaldi af því fram í miðjan maí. Áhugasamir hafi samband í síma: 859-9832 eða með tölvupósti á qc@ajtel.is

